

Menntaskólinn á Akureyri

Mat á nýrri námskrá í
Menntaskólanum á Akureyri
- skýrsla matsfulltrúa 2010-2011

16. júní 2011
Stefán Þór Sæmundsson

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| 1. INNGANGUR..... | 3 |
| 2. AÐFERÐAFRÆÐI..... | 4 |
| 3. ÍSLANDSÁFANGINN..... | 5 |
| 3.1 Gæðahringir og mat nemenda..... | 6 |
| 3.2 Mat kennara á haustönn..... | 7 |
| 3.3 Fundargerðir og tölvupóstar..... | 10 |
| 3.4 Viðtöl við starfsfólk..... | 11 |
| 3.5 Heimsókn Ingvars Sigurgeirssonar..... | 14 |
| 3.6 Áfangakönnun á haustönn..... | 14 |
| 3.7 Sjálfsmat nemenda á haustannarprófi..... | 16 |
| 3.8 Gæðahringir og mat á vorönn..... | 16 |
| 3.9 Áfangakönnun á vorönn..... | 17 |
| 3.10 Mat kennara á vorönn..... | 18 |
| 3.11 Viðtal við verkefnisstjóra Íslandsáfangans..... | 19 |
| 4. AÐRAR GREINAR..... | 22 |
| 4.1 Mat kennara á haustönn..... | 22 |
| 4.2 Mat kennara á vorönn..... | 23 |
| 5. VELGENGNISDAGAR..... | 24 |
| 6. LÍÐAN KENNARA OG STAÐBLÆR SKÓLA..... | 25 |
| 7. SAMSTARF VIÐ MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI..... | 26 |
| 8. UMRÆÐA..... | 29 |
| 8.1 Hvað hefur tekist vel?..... | 29 |
| 8.2 Hvað má betur fara?..... | 30 |
| 9. NIÐURLAG..... | 31 |

1. Inngangur

Á haustdögum 2010 var byrjað að kenna eftir nýrri skólanámskrá í 1. bekk Menntaskólans á Akureyri. Námskráin er afrakstur ríflega tveggja ára undirbúningsvinnu starfsfólks og vinnuhópa og er byggð á markmiðum og skólasýn. Ný lög um framhaldsskóla frá árinu 2008 gáfu skólunum tækifæri til að sýna frumkvæði í námskrágerð og var boltinn gripinn á lofti í Menntaskólanum á Akureyri. Skólanámskráin er í lokavinnslu en nú hefur fyrsta árið verið prufukeyrt og haustið 2011 falla fyrstu tveir bekkirnir að hinni nýju námskrá.

Þegar vinna hófst að gerð nýrrar skólanámskrár í MA var þess gætt að allt starfsfólk stofnunarinnar ætti þar hlut að máli. Við endurskoðun á starfsháttum skólans var byrjað á því að skilgreina hvaða hæfni nemandi sem útskrifast frá skólanum ætti að hafa og síðan reynt að koma til móts við þær hugmyndir við mótun skólanámskrárinnar. Á þessum tíma voru ekki komin fram viðmið frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti en á vordögum kom í ljós að margir hæfnipættir skólanámskrárinnar ríma við grunnþætti hinnar nýju aðalnámskrár.

Í markmiðum skólanámskrár og skólasýn MA er lögð áhersla á að halda áfram að veita breiða, almenna menntun og traustan undirbúning fyrir háskólanám. Stefnt er að því að auka virkni nemenda, víðsýni, læsi, frumleika og sjálfstæði og miða námið út frá áhugasviði þeirra og styrkleikum. Einnig að nemendur hafi vönduð vinnubrögð að leiðarljósi og leggja skal rækt við þætti á borð við gagnrýna hugsun, sköpun og virðingu, samkvæmt hinni nýju skólasýn.

Hið faglega námssamfélag í MA var farið að kalla eftir breytingum og kennarar höfðu áhyggjur af þverrandi læsi, minni áhuga og virkni nemenda og þeim fannst yfirfærsla þekkingar og færni milli greina oft sáralítill. Í kjölfar þeirrar umræðu kviknaði vaxandi áhugi á faglegu samstarfi kennara og aukinni samþættingu námsgreina. Á þessum grunni varð til áfanginn Ísland þar sem námsgreinar á fyrsta ári eru samþættar. Annars vegar eru félagsfræði, saga, íslenska og upplýsingatækni í SAM-hluta áfangans (samfélagsfræðihluta) og hins vegar líffræði, jarðfræði, landafræði, íslenska og upplýsingatækni í NÁT-hluta (náttúrufræðihluta).

Íslandsáfanginn í MA er þannig tilraun til gagngerra breytinga á kennsluháttum þar sem reynt er að nálgast innihald náms með óhefðbundnum hætti. Skil milli hefðbundinna námsgreina eru rofin og byggt er á raunverulegri samþættingu með náinni samvinnu kennara sem að áfanganum koma. Þetta er stærsta breytingin á námskránni en einnig var kennt samkvæmt nýjum markmiðum og áfangalýsingum í ensku, frönsku, íþróttum, stærðfræði og þýsku en danskan er komin aftur í ferli nemenda. Þá var lífsleikni felld inn í svokallaða velgengnisdaga, þriggja daga lotur að hausti og vori.

Viðamiklæð þróunarstarf sem þetta kallar vitaskuld á ígrundun og mat og í skýrslu þessari verður gerð grein fyrir hvernig mati með nýrri skólanámskrá var háttað og helstu niðurstöður reifaðar.

2. Aðferðafræði

Breytingar á skólastarfi, nýjungar og þróunarvinna krefjast mats svo hægt sé að glöggva sig á því hvernig tekst til, hvað hafi gengið vel og hvað mætti betur fara. Við upptöku nýrrar námskrár í MA var ákveðið að ráða matsfulltrúa til að fylgjast með framvindunni og starfaði hann með sjálfsmatsnefnd og verkefnisstjóra námskrárinnar auk þess að vera í reglulegum tengslum við kennara í 1. bekk, nemendur og það starfsfólk sem ætla mætti að tengdist nýrri námskrá á einn eða annan hátt.

Matsfulltrúi var ráðinn úr röðum kennara en hann kennir þó ekki á fyrsta ári og hefur því ákveðna fjarlægð gagnvart viðfangsefninu. Í starfslýsingu er m.a. kveðið á um að hann skipuleggi matsferli nýrrar námskrár á innleiðingartímanum og beri ábyrgð á faglegu starfi við utanaðkomandi matsaðila. Hann vinnur úr gögnum í samstarfi við aðra og skilar skýrslu að vori. Í þessu sambandi kom fljótlega upp sú hugmynd að leita eftir samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og verður gerð nánari grein fyrir því síðar í skýrslunni.

Starfsáætlun matsfulltrúa var að stofni til byggð á hugmyndum verkefnisstjóra Íslandsáfangans sem finna má í umsókn til Sprotasjóðs. Áætlunin var lögð fyrir stjórnendur, sjálfsmatsnefnd og kennarafund og verklag kynnt enda áriðandi að virkja alla kennara í 1. bekk og þar mæddi mest á kennurum í Íslandsáfanganum. Leiðir við mat á Íslandsáfanganum og innleiðingu nýrrar námskrár skyldu vera fjölbreyttar og áhersla lögð á þátttöku nemenda og starfsfólks í matinu með aðferðum þátttakendamiðaðs mats og matsferlum í anda starfendarannsókna. Sömu leiðis var lagt upp með það að þetta yrði leiðsagnarmat þannig að hægt yrði að bregðast við athugasemdum strax á ferlinum í stað þess að bíða eftir lokamati.

Í þátttakendamiðuðu mati er áhersla lögð á mat þátttakendanna sjálfra, þeirra sem nota þjónustuna eða eru í hringiðu breytinganna. Matinu er þannig ætlað að skila upplifun og sjónarmiðum þeirra sem taka þátt, gildismati þeirra og þörfum. Með þessu móti verða til margvísleg gögn sem spretta úr daglegu starfi bæði meginleg og eigindleg, huglæg og hlutlæg. Aðferðir þátttakendamiðaðs mats hafa þann kost að draga athyglina að mannlega þættinum í þjónustunni, þær eru sveigjanlegar og taka mið af því samhengi sem þjónustan fer fram í. Allir hafa tækifæri til að segja frá sínu sjónarhorni og leitast er við að nota matsgögn til þess að leysa vandamál á vettvangi (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

Starfendarannsóknir eru lýðræðislegt þátttökufæri. Þær snúast ekki um að rannsaka eitthvað

sem er eða hefur gerst heldur eru þær virk aðferð til þess að láta eitthvað gerast, meta afleiðingarnar og skapa nýjar aðstæður eða þekkingu. Áskorun rannsakandans/þátttakandans felst í að eiga hlutdeild í ferlinu og knýja það áfram en um leið að horfa á ferlið utanfrá með gagnrýnum og umbótasinnuðum hætti (Coghlan og Brannick, 2010). Starfendarannsóknir eru viðurkennd og árangursrík leið til að efla fagvitund, fagmennsku og starfskenningu (McNiff og Whitehead, 2006).

Ein af forsendunum fyrir þátttakendamiðuðu mati og starfendarannsóknum er ígrundun í starfi, sem margir telja aðalsmerki góðra kennara. Ígrundun er stöðug sjálfsskoðun með það fyrir augum að bæta kennsluhætti sína og nám nemenda. Hún er í raun óaðskiljanlegur hluti af því að sinna starfi sínu vel og þróa þá sýn sem starfið byggist á. Ígrundun þarf ekki að vera hluti af formlegu rannsóknarferli en er hins vegar órjúfanlega tengd formlegum starfendarannsóknum þar sem gögnum er safnað og unnið skipulega úr þeim til að ígrundunin verði formlegri og markvissari (Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2002). Þær stofnanir sem líklegt er að skari framúr í framtíðinni eru stofnanir sem ná að laða fram hlutdeild og hæfileika allra sem á vettvangi starfa til að læra á öllum sviðum stofnunarinnar. Það þýðir að allir sem hlut eiga að máli þurfa að vera undir það búnir að meta eigið starf í samstarfi við aðra á vettvangi og birta niðurstöður sínar fyrir gagnrýnum augum samstarfsfólks og almennings (McNiff og Whitehead, 2006).

3. Íslandsáfanginn

Djarfasta og stórtækasta nýjungin í skólanámskrá MA er Íslandsáfanginn og þar af leiðandi er matið að stórum hluta tengt þessari tilraun. Fylgst var með undirbúningi kennara, rýnt í fundargerðir SAM- og NÁT-hópanna, tölvupóstar lesnir, samráð haft við verkefnisstjóra SAM og NÁT og verkefnisstjóra nýrrar námskrár, gæðahringir nemenda skipulagðir og unnið úr þeim, rýnihópar nemenda notaðir við mat, unnið með sjálfsmatsnefnd að undirbúningi áfangakannana, allir kennarar í Íslandsáfanganum virkjaðir í rækilegt sjálfsmat og ígrundun og unnið úr þeim gögnum, svo það helsta sé nefnt.

Íslandsáfanginn er viðamikil tilraun til samþættingar og nýbreytni í skólastarfi. Hér er um að ræða verkefnaáfang nám nemenda með einstaklings- og hópverkefnum og byggist áfanginn á fimm þemaverkefnum. Þessi áfangi er sá liður í þróunarstarfinu sem hefur vakið mest umtal og eftirtekt bæði innan skólans og utan. Flestum ætti að vera ljóst að ekki fást endanlegar niðurstöður eftir einn vetur eða óyggjandi samanburður við eldri námskrá en með leiðsagnarmati var þess freistað að sníða helstu vankanta af jafnóðum. Samanburður fæst síðan næsta skólaár þegar nýr hópur fæst við þennan áfanga í 1. bekk og einnig verður þá fróðlegt að fylgjast með gengi nemenda í 2. bekk, hvort markmið um aukna virkni og bætt vinnubrögð hafi skilað sér. Hér á eftir verður tæpt á helstu

niðurstöðum úr gögnum sem varða Íslandsáfangann á liðnu skólaári.

3.1 Gæðahringir og mat nemenda

Til að virkja nemendur í mati á Íslandsáfanganum og fá þá til að líta á sig sem raunverulega þátttakendur í þróunarverkefni voru farnar nokkrar leiðir. Umsjónarkennarar héldu bekkjarfundi þar sem staðan var tekin og málin rædd, matsfulltrúi og verkefnisstjóri nýrrar námskrár tóku svokallaðan gæðahring í bekkjum og nutu aðstoðar kennara. Upphaflega var ætlunin að hafa gæðahring eftir hvert hinna fimm þemaverkefna sem á dagskrá voru á hvorri önn en fljótlega kom í ljós að það kostaði of mikið álag á nemendur og framkallaði leiða. Voru því nokkrir bekkir teknir í úrtak með nokkru millibili auk þess sem rýnihópar voru notaðir, bæði samtalshópar og hópar sem svöruðu skriflegum spurningum.

Í gæðahringjum 15. október sat hver matsmaður með hálfum bekk og fékk alla nemendur til að fara yfir helstu kosti og galla Íslandsáfangans þessar fyrstu vikur skólaársins. Fjórir bekkir voru í úrtakinu, tveir af hvorri línu áfangans. Unnið var strax úr niðurstöðum og þær sendar kennurum til umræðu á vikulegum fundi Íslandshópanna. Hér verður stuttlega farið yfir það sem oftast var nefnt.

Kostir: Hópaþinginn, verkefni og símat í stað prófa, lítil bókakaup, mikil fjölbreytni, ekki bundin í stofu, gott að geta farið í tölvustofu og bókasafn, tímarnir vel nýttir, þurfum að þæla í hlutunum og kafa dýpra, gott að hafa fjögurra tíma lotur með fjölbreyttum verkefnum og mismunandi kennurum, gott að fá gagnrýni á munnleg verkefni fyrir flutning og geta bætt sig, læra að vinna sjálfstætt, frelsi, skemmtilegir tímar, góðir kennarar, kennarar tilbúnir að taka við gagnrýni og laga, gaman að vinna með öðrum bekkjum, sum verkefni áhugaverð, lærir meira á því að gera hlutina sjálfur og leita að svörum, lærðum mikið af vettvangsferðinni, lítil mötun, fin tilbreyting, gott að nota tölvur.

Gallar: Ruglandi og óskipulagt, veit ekki hvaða fag er í gangi, skýrari fyrirmæli vantar, of mikið heimanám, erfitt að finna í moodle, þarf stundum að skila bæði í moodle og prenta út, of mörg verkefni í gangi í einu, misvísandi skilaboð kennara, þarf að samræma skiladaga, mætti flokka tíma betur eftir fögum, of mikið að hafa fjóra tíma í röð, kennarar verða að tala sig betur saman, þyrfti að fá að klára eitt verkefni áður en byrjað er á öðru, finnum ekki kennara, áttum ekki að koma með tölvur en þurfum oftast að nota þær, sumir gera ekkert í hópverkefnum, ekki ljóst hvort það verður próf, óskýrar kröfur og ruglingsleg markmið, misræmi í því hvað kennarar leyfa eða þola, fyrirmæli stundum gefin í stofunni þegar sumir eru á bókasafninu, hlaðið á okkur verkefnum og einstaklingsverkefni hrúgast upp og þá verður mikil heimavinna, ekki verið að kenna nóg í fögum, skipulagið ekki gott, erfitt að nálgast bækur þegar margir eru að gera það sama, mætti lesa fleiri

bækur, of lítill tími fyrir verkefni.

Segja má að þessi fyrsti gæðahringur hafi gefið tóninn. Umræður á bekkjarfundum og í gæðahringum snerust iðulega um skipulagsmál, samvinnu, einstök verkefni og verkefnaálag. Lengi vel var hamrað á því að ósamræmi væri í fyrirmælum, verkefni væru ekki nægilega vel útskýrð eða hugsuð til enda og of margt væri í gangi á sama tíma. Smám saman fóru þó að heyrast fleiri raddir um það að skipulag hefði batnað og kennarar væru meira samstíga.

Í rýnihópum 12. nóvember var spurt um unglingaþema í SAM-hlutanum og landnámsþema í NÁT-hlutanum. Í sambandi við unglingaþemaverkefnið ríkti ánægja með hópvinnum og að nemendur fengu frjálstan tíma til að skipuleggja sjálfir, þeir kynntust félagsmótun og fannst gott að búa til sýnilega afurð þótt metnaðurinn hefði mátt vera meiri hjá sumum. Þeim fannst fróðlegt að kynnast unglingamenningu fyrri ára. Vettvangsferð fékk góða dóma. Kennarar hefðu hins vegar mátt skipuleggja sig betur og gá hvort til væru upplýsingar um efnið og nefnt var að þegar hver kennari reyndi að kenna sitt fag væri þetta stundum eins og þrjú púsl sem pössuðu ekki saman. Þá voru sumir ekki nógu sáttir við moodle.

Í landnámsþemaverkefninu virtust flestir með markmiðin á hreinu og fannst vel hafa tekist að ná þeim, t.d. að læra um landnámið, fræðast um náttúruna, safna heimildum og gera heimildaritgerð í hóp. Hópvinnan þótti skemmtileg og sumir nefndu einstaka þætti eins og líffræði eða jarðfræði. Skiptar skoðanir voru um gagnsemi dagbókar. Einstaklingsverkefnin voru sögð löng, lítið val um viðfangsefni í hópvinnum og ekkert sérstaklega skemmtilegt að gera verkefni um svona gamlan tíma. Vettvangsferð líkaði vel.

Í þessum hluta var líka spurt um Íslandsáfangann í heild, hvort eitthvað hefði batnað eða versnað. Svörin voru býsna skýr. Kennarar væru farnir að tala meira saman og væru skipulagðari, meira samræmi og meiri upplýsingar og leiðsögn. Hins vegar væru verkefnin of mörg, mætti fækka ritgerðum og hafa fleiri valmöguleika.

3.2 Mat kennara á haustönn

Matsfulltrúi lagði í desember allviðamikla könnun fyrir kennara Íslandsáfangans. Þetta voru 8 spurningar og bárust svör í desember og janúar og úrvinnsla lauk í upphafi vorannar. Niðurstöður voru sendar kennurum og þær ræddar á fundum hópanna og mátaðar við niðurstöður úr gæðahringjum og rýnihópum nemenda. Þannig fékkst ákveðið leiðsagnarmat sem hægt var að bregðast við. Svör voru flokkuð í jákvæða og neikvæða þætti og hér má sjá meginlínurnar.

Fyrsta spurning: Hvernig vinnur þú með markmið áfangans skv. áfangalýsingu? Telur þú að nemendur geri sér grein fyrir þeim? Hvaða hlutverki gegna markmiðin?

Hér nefndu kennarar að markmiðin væru höfð að leiðarljósi, þau væru birt nemendum á

moodle, það væri unnið markvisst eftir þeim í verkefnum, þau væru ofarlega í huga og að þau rímuðu við grunnhugsun áfangans. Í neikvæða flokknum voru athugasemdir á borð við að nemendur þekktu ekki markmiðin, kennarar væru jafnvel ekki vissir um þau, markmiðin væru almenn og óljós og það þyrfti að kynna þau betur og vinna meira eftir þeim. Flestar athugasemdirnar snerust um það að nemendur gerðu sér ekki grein fyrir markmiðunum.

Önnur spurning: Tekur þú mið af skólasýn MA í kennslunni og þá hvernig?

Hér voru nánast öll svör eingöngu á jákvæða kantinum. Kennarar virtust mjög sáttir við skólasýnina og unnu með hana leynt eða ljóst. Þeir nefndu ýmsa þætti hennar s.s. virðingu, víðsýni, gagnrýna hugsun, sjálfstæði, ábyrgð, læsi og fjölbreytni og töldu sig vera að vinna með þessa þætti. Einn nefndi að erfitt væri að vinna með frumleika og sköpun en enginn gerði athugasemdir við skólasýnina.

Þriðja spurning: Hvernig hefur samþætting og samkenntsla gengið svo og samstarf við aðra kennara?

Mjög góður rómur var gerður að samstarfinu og ljóst að margir kennarar nutu þess að brjótast úr hefðbundnu formi og kenna í samvinnu við aðra. Talað var um góðan anda og hlýju og að mál leystust þrátt fyrir ólík sjónarmið á köflum. Menn sáu mikla möguleika í samþættingunni og sögðu hana hafa gengið nokkuð vel en sumir voru enn nokkuð tvístígandi. Það kemur líka fram í neikvæða dálkinum, þar er talað um að grunnur einstakra faga glattist að einhverju leyti, skilaboð séu dálítið misvísandi og samræmi vanti í uppsetningu og fyrirgjöf. Sum verkefni séu óþarflega lítið samþætt, oft sé erfitt að svara fyrir önnur fög, tíma vanti til samstarfs og undirbúnings og sumir kennarar séu fastir í kerfinu kennari-bekkur-stofa.

Fjórdá spurning: Á hvaða hátt nýtist fagmennska þín og sérfræðilekking við kennslu í áfanganum? Er eitthvað sem glattast við þessa samþættingu og þá hvað? Hver er ávinningurinn?

Hér voru jákvæðir og neikvæðir þættir jafn margir. Í jákvæða dálkinum var þess getið að gott væri að fá fagið í samhengi við önnur fög, fagþekking og mannkostir nýtast og sveigjanleiki þjálfast, fagþekking nýtist í fyrirlesturum og aðferðafræði, ávinningurinn er hvað mestur í vinnubrögðum, læsi, ritun, áhugahvöt, samvinnu og raunverulegum verkefnum þar sem nemendur geta strax útfært samþætta þekkingu sína. Á hinum endanum voru svo raddir kennara sem töldu sitt fag tynast í samþættingunni, ákveðinn grunnur færi forgörðum, hugtök kæmst ekki til skila, ekki væri nógu markviss þjálfun í greininni, samþætting ætti að vera viðbót eða bónus en ekki gleypa allt o.s.frv.

Fimmta spurning: Nefndu nokkra þætti sem hafa tekist vel í áfanganum í heild að þínu mati og síðan nokkra þætti sem ekki hafa gengið eins vel.

Þessi almenna spurning dró fram ýmsa plúsa og mínusa úr fyrri svörum og gaf færi á að

bæta við fleiri þáttum. Kennarar voru mjög jákvæðir gagnvart virkni, heimildaleit, upplýsingatækni, úrvinnslu og tjáningu. Þeir töldu fjölbreytnina af hinu góða í kennsluaðferðum og verkefnum og rómuðu samvinnu og voru bjartsýnir gagnvart sjálfstæði og gagnrýni í vinnubrögðum. Mikil ánægja var með vettvangsferð. Neikvæðir þættir lutu að ónógum tíma til skipulagningar, verklýsingar væru ekki túlkaðar eins af öllum kennurum, yfirferð og einkunnabókhaldi þyrfti að koma í markvissara horf, endurgjöf væri erfið í framkvæmd, tengsl nemenda og kennara væru minni en áður, samræma þyrfti skipulag og skiladaga og kennsla í einstaka fögum væri yfirborðskennd.

Sjötta spurning: Hvernig telur þú að tekist hafi til með að auka virkni nemenda og sjálfstæði og hafa vinnubrögð þeirra breyst á einhvern hátt miðað við venjulegan 1. bekk? Þú mátt gjarnan nefna önnur atriði sem snerta nemendahópinn og bera saman við fyrri reynslu.

Jákvæðir þættir: Sjálfstæð vinnubrögð meiri en ella, virkni og frumleiki hafa aukist, hópa- og paravinna leiðir til samstöðu, fjölbreytnin í fyrirrúmi, þessi 1. bekkur betur að sér í verkefnavinnu, nemendur kafa frekar til botns, erum vonandi að ala upp gagnrýna nemendur.

Neikvæðir þættir: Ekki viss um virknin hafi aukist, nemendur mættu líta meira á sig sem gerendur, frjálsræðið spillir fyrir lakari nemendum, sumir fljóta með í hópvinnu, þyrfti að skipuleggja betur og minnka bekkjarkennslu, fagið verður útundan.

Sjöunda spurning: Nefndu helstu hindranir og hjálparhellur í ytra umhverfi, s.s. umfang og nýtingu á fundartímum, tiltækt námsefni, kennslustofur og húsakynni almennt og hvernig bókasafnið nýtist.

Hér voru jákvæðir þættir fáir. Kennarar sögðu fundartímum nýtast vel, þokkalega gengi að finna/nýta námsefni og álagið á bókasafninu væri farið að dreifast. Neikvæðir þættir: Of lítill undirbúningstími, þarf meiri tíma í töflu til að sinna þessu, fundir mættu vera fleiri og styttri, Kvosin afleit og þarf að fá stóra kennslustofu eða fyrirlestrarsal, vantar námsrými til viðbótar við bókasafn, tölvu- og tæknivandræði, aðgangur að tölvustofum hindrun, heimildir af skörnum skammti, stórir hópar á bókasafni valda usla, skortur á samvinnu við bókasafnsfræðinga, kennarar sem ekki kenna á Hólum verða útundan í faglegru umræðu, þarf að nýta moodle á skipulagðari hátt, vantar smiðju og læstar hirslur fyrir nemendur.

Áttunda spurning: Hvaða áhrif hefur vinna við nýja námskrá og upptaka hennar á líðan þína í starfi og staðblæinn (móral/skólabrag) á vinnustaðnum?

Niðurstöður úr þessum lið voru kynntar á þorrastefnu skólans, þar sem allur 1. bekkur var tekinn fyrir. Helstu einkenni á svörum kennara í Íslandsáfanga voru þau að fólk segist hlynnt breytingum, vinnan sé skemmtileg og lærdómsrík, meira sé rætt um fagið, meira samráð og nánd, gaman að skapa eitthvað nýtt, sífellt fleiri til í meiri fjölbreytni, það sé dýnamík og gróska í starfinu. Neikvæð viðbrögð kennara og nemenda utan Íslands skemmi hins vegar fyrir. Nánar verður fjallað

um þennan lið í sérstökum kafla.

3.3 Fundargerðir og tölvupóstar

Mælt var með því að kennarar héldu nokkurs konar dagbók eða vikubók um þróunarstarfið, sérstaklega í Íslandsáfanganum. Ekki fékk það hljómgrunn vegna annríkis kennara en bent á fundargerðir eftir hina vikulegu fundi í staðinn. Auk þess sem kennarar tóku því vel að matsfulltrúi sendi þeim spurningar og fylgdist með umræðum, s.s. í fundargerðum og á tölvupóstlista.

Til að nýtast sem matsgögn þurfa fundargerðir að vera ansi nákvæmar og endurspeglar umræður en því er ekki alltaf að heilsa í þeim fundargerðum SAM- og NÁT-hópanna sem birtar eru á innri vef skólans. Þar má hins vegar sjá hvernig kennarar eru að móta verkefni hvorrar viku, skiptast á skoðunum og vissulega líta þeir einnig um öxl til að læra af reynslunni.

Reyndar er ekki neina umræðu að finna hjá NÁT-kennurum um niðurstöður gæðahringja og rýnihópa nemenda en í fundargerðum SAM-hópsins er eitthvað fært til bókar. 20. október er eftirfarandi færsla: „Gæðahringir ræddir lítillaga og hvað kom út úr þeim. Skipulagt kaos.“ Meiri umræða er 12. nóvember þegar niðurstöður rýnihópa eru ræddar. Brugðist er við gagnrýni nemenda og segir m.a. eftirfarandi: „Nemendur í rýnihópnum kvarta undan að fá ekki kennslu á Moodle og Wiki, vita ekki af lesdagbókum og vinnuskýrslum þó að þetta sé allt vel sýnilegt á múkkanum [moodle], minnt sé á þetta í upphafi vikunnar og vikuplan prentað út. Síðasti gæðahringur var gagnlegur og kennarar voru sammála mörgu sem þar kom fram að þyrfti að laga. Það er hins vegar erfiðara að nýta þessar niðurstöður, nemendur virðast hafa tínt til alls konar smáatriði sem eru löngu liðin (eins og skólarúnturinn og skólaverkefnið) til þess að pirra sig yfir.“

Einnig má sjá í fundargerðum SAM-hópsins að tekið hefur verið tillit til gagnrýni nemenda, málin rædd og reynt að færa þau til betri vegar. Í fundargerð 13. október er m.a. þessi færsla: „Ennþá kvarta einhverjir nemendur yfir því að kennarar séu ekki nægilega samstiga og ekki sé alltaf ljóst hvernig og hvenær eigi að skila verkefnum. Ákveðið var að búa til vikuskipulag fyrir nemendur sem yrði hengt upp í stofunum. ASD sér um það. Einnig ræddu menn að það yrði að vera föst regla að taka alltaf fram á verkefnislýsingum hvort eigi að skila verkefnum á Múkka eða setja í möppu.“

Almennt virðast fundargerðir endurspeglar skipulagsatriði og verkaskiptingu hvorrar viku og hugsanlegt að ekki sé mikill tími til ígrundunar.

Samræður á göngum, kaffistofu og í tölvupósti hafa mjög oft verið á faglegum nótum meðal kennara Íslandsáfangans. Ljóst er að meira er rætt um samvinnu og kennslufræði en áður. Sem dæmi má nefna hér eftirfarandi glefsu úr tölvupósti kennara sem er að fara yfir lokaverkefni

nemenda í vorannarpróftíðinni 2011: „Mikið er ég ánægður með þetta lokaverkefni okkar: Íslandsáfanginn minn. Mér finnst æðislega gaman að fara yfir úrlausnir nemenda okkar. Mér finnst við vera að skila af okkur hugsandi fólki sem líka hugsar margt, þ.á.m. um kennslufræði. Við höfum náð að kveikja í mörgum. Vonandi slokknar ekki í þeim í brád.“

Eftir sameiginlegan uppgjörsfund allra kennara í Íslandsáfanganum í lok vorannar (7. júní) barst ítarleg fundargerð. Þar fara kennarar yfir það hvernig tókst til og hverju sé æskilegt að breyta fyrir næsta skólaár. Í þessari fundargerð er rækilega þrætt í gegnum námsmat, verkefni, markmið, samþættingu og ýmis skipulagsmál og horft til framtíðar þannig að uppgjörið ætti að nýtast vel við undirbúning fyrir Íslandsáfangann næsta haust.

Kennarar velta því m.a. upp að leggja meiri áherslu á þekkingarmarkmiðin án þess þó að samþættingin glattist en hún virðist öflug í SAM-áfanganum. Í NÁT-áfanganum hefur samþætting við upplýsingatækni og íslensku tekist vel en erfiðara er að samþætta líffræði og jarðfræði. Rætt er um að samþætting hafi ekki verið skilgreind og hóparnir hafi farið dálítið í ólíkar áttir, sem sumir segja reyndar að sé kostur því annars gætu áfangarnir orðið of líkir. Hugmyndir eru viðraðar um regluleg þekkingarpróf eða kannanir yfir önnina, meiri áherslu á þekkingu í einstaka fögum.

Þá segjast kennarar merkja meiri þreytu og leiða hjá nemendum á vorönn og segja það líka koma fram í áfangakönnunum. Ástæðan geti verið sú að nemendur hafi í of langan tíma verið að kljást við of mörg verkefni, t.d. séu öll þessu viðamiklu hópverkefni mjög krefjandi. Þetta virðist ríma við kvartanir margra nemenda. Einnig var önnin sérstök að því leyti að páskaleyfi var óvenju seint.

Nemendum var líka býsna tíðrætt um tölvumál í gæðahringjum og rýnihópum og kennarahópurinn tekur upp þráðinn. Í fundargerðinni segir: „Staðreyndin er sú að nemendur hafa þurft að hafa aðgang að tölvu í æði mörgum Íslandsáfangatímum og sumir nemendur eru ósáttir að hafa fengið þau skilaboð að tölvur væru ekki nauðsynlegar í áfanganum. Við þurfum því að gefa önnur skilaboð í byrjun næstu haustannar, það að æskilegt sé að nemendur mæti með fartölvur í skólann.“

Af þessu má ljóst vera að kennarar í Íslandsáfanganum eru að ganga í gegnum mikla sjálfsskoðun og ígrundun og margt af því sem kemur fram í fundargerðinni eftir uppgjörsfundinn endurspeglar vangaveltur nemenda og kennara yfir önnina um það sem betur mætti fara.

3.4 Viðtöl við starfsfólk

Innleiðing nýrrar námskrár snertir alla í skólasamfélaginu, beint eða óbeint. Tekin voru viðtöl við nokkra starfsmenn í mars 2011 og voru áhrif Íslandsáfangans fyrirferðarmest í spjallinu. Breytt uppröðun í stofum, sameining hópa, fyrirlestrar í miðrými, hópverkefni á bókasafni og ýmislegt

annað verkar á margt í skólanum. Þá fundu námsráðgjafar fljótt fyrir kvíða og óöryggi hjá nýnemum vegna Íslandsáfangans.

Húsverðir töluðu t.d. um að meira mæddi á veggjum í stofum eftir að kröfur komu fram um að raða borðum í U. Nemendur nudda sér þá mikið utan í veggina með töskur sínar. Þá var ansi mikið rót fyrstu vikunnar, nemendur voru að hlaupa með stóla milli stofa þegar tveir bekkir áttu að vera saman eða fara með þá fram til að hlýða á fyrirlestur í Kvos. Þetta segja húsverðir að hafi lagast mikið en hins vegar séu stofurnar of litlar fyrir U-formið, sífellt sé verið að rekast utan í vegg og þá hefur brotnað úr gólflistum.

Almennt telja húsverðir og ræstitæknar sem rætt var við umengni svipaða og áður. Sem fyrr sé mikið farið í stofurnar á Hólum eftir skólatíma og oft sé eitthvað um að vera án þess að látið sé vita af því. Umgengni í Kvosinni mætti bæta, nota meira rusladalla. Ræstitæknir benti líka á sífellda baráttu við að koma nemendum úr útiskónum en í heild mátti ekki merkja neinar stórvægilegar breytingar á umgengni nema hvað meira rót er í stofum sem hýsa Íslandsáfangann. Mest mæðir á stofum 1-5 á Hólum, miðryminu í Kvosinni og bókasafninu. Snemma í haust bar við að nemendur hefðu flutt stóla á milli stofa og ekki skilað þeim aftur en eftir ábendingar ræstitækna var komið reglu á þau mál.

Í afgreiðslunni mátti fyrst í haust merkja þær breytingar að meira væri notað af maskínupappír en frekar minna af kartonum. Svipuð ásókn hefur verið í ljósritun þótt Íslandsáfanginn sé bókarlaus að mestu. Afgreiðslumaður kvaðst feginn að vera laus við hafa umsjón með útlánum á myndavélum og aukahlutum, slíkt hefði verið orðið æði tímafrekt.

Húsverðir ræddu í þessu samtali um nýspróttnar hugmyndir um stærra og lokaðra fyrirlestrarými. Ljóst er að Kvosin hentar ekki vel því hún er svo opin. Rætt var um að opna á milli Hólastofa og hafa fellihurðir en hugmyndir hafa þróast á þann veg að opna frekar á milli tölvustofa á Möðruvöllum og gera þar stóra stofu til að hafa fyrirlestra í Íslandi, auk þess að hafa þar aðstöðu fyrir stærri hópa og ýmis tilefni. Þessi hugmynd var svo tekin upp á kennarafundi á vordögum og sett í vinnuhóp.

Bókasafnið er nokkurs konar hjarta skólans, afdrep og gagnagrunnur miðsvæðis í skólanum. Þar sitja nemendur gjarnan við lærdóm, þar ríkir oftast friður en vissulega er stundum meiri spenna, t.d. þegar hópar streyma inn til að leita heimilda og tína til bækur í verkefnavinnu.

Bókasafnsfræðingar eru nemendum til aðstoðar og samkvæmt þeim bar talsvert á því í upphafi haustannar að krakkar væru sendir á bókasafnið að því er virtist stefnulaust og áttu að vera að vinna þar, stundum sást enginn kennari og oft virtist lítil vinna vera í gangi. Á vorönn eru langar lotur á bókasafninu, fjórir tímar í beit. Það telur bókasafnsfræðingur of mikið því nemendur hafa ekki þrek og úthald í meira en tvo tíma. Langar lotur eftir hádegi koma ekki vel út, skárri væri að hafa þær

fyrir hádegi þegar allir eru hressari.

Annars hefur ástandið batnað mikið síðan í haust, verkefnum var breytt, skipulag betra og ekki allir nemendur í hópnum með sama viðfangsefni þannig að formið er mismunandi. Nemendur þurfa þó oft að nota sömu bækurnar, reynt er að ljósrita aðeins úr þeim til að koma til móts við þarfir þeirra. Bókasafnsfræðingar voru ekki virkjaðir nægjanlega í undirbúningi verkefna, heldur virtist gengið að því vísu að fá þjónustu þeirra. Þeir vilja fá kennara meira inn, ekki bara senda nemendur á safnið. Talað var um tímaskort en bókasafnsfræðingar telja skipulag og samvinnu lykilinn að farsælu starfi. Það mætti t.d. haga því þannig að ekki væri allur NÁT-hópurinn að vinna í landnáminu á sama tíma.

Heilt yfir má segja að gagnrýnin hafi beinst að því að nemendur væru of mikið einir á safninu, sumir höndla það og vinna vel en aðrir hanga bara eða þykjast vera að vinna. Er ekki verið að þjálfva vinnubrögð? spyr bókasafnsfræðingur sem segir að virkni og aðhald þurfi að fara saman, kennarar verði að vera með krökkunum, ekki bara renna hringinn öðru hverju. Þetta sé enn dálítið laust í reipunum en hafi vissulega batnað þegar leið á skólaárið.

Einnig kom fram að nemendur á fyrsta ári þurfi meira aðhald og uppeldi í sambandi við umgengni, samskipti og heimildaleit. Verkefnin sem fyrir þau séu lögð henti kannski betur á efri stigum sem undirbúningur háskólanáms því nemendur skortir grunn í ritgerðarvinnu. Hins vegar gæti þetta skilað sér upp og bókasafnsfræðingi leist vel á þjálfun í vinnubrögðum og meiri virkni nemenda.

Í sambandi við bókakaup þá var talsvert keypt af bókum í tengslum við Íslandsáfangann en fjárveitingar voru litlar og þyrfti að skoða þau mál nánar. Hins vegar væri gaman að sjá ýmsar gamlar og lítt notaðar bækur komnar í umferð á ný.

Námsráðgjafi var tekinn tali seint í mars. Hann hafði mjög svipaða sögu að segja og kennarar og nemendur Íslandsáfangans. Í upphafi og fram eftir haustönn var ansi mikil óvissa í gangi, sagði hann. Ráðvilltir nemendur leituðu til námsráðgjafa og voru afar tvístígandi, fannst þetta óljóst, misvísandi fyrirmæli kennara og allt tætt. Sennilega voru tveir sem hættu námi vegna þessa en báðir voru þó með annað á bakinu og hefðu sjálfsagt ekki ráðið við skólann hvort eð er. Síðan hefur bara allt þróast eins og kannanir sýna, ánægjan aukist, minna talað um ósamræmi og skort á skipulagi, hópvinna hefur gengið betur og já, gleðin hefur komið inn í þetta. Nemendur virðast sjá tilgang í þessum vinnubrögðum og eru mun ánægðari með skipulagið en áður. Námsráðgjafi nefndi líka þann punkt að sennilega munaði miklu fyrir líðan og gengi nemenda að fresta dönskunni, hún hefði verið mörgum erfið á fyrsta ári og fróðlegt yrði sjá hvernig hópnum vegnaði í vor, væntanlega myndu færri falla í 1. bekk því danskan hefði sett strik í reikninginn hjá mörgum og hugsanlega hefði þetta jákvæð áhrif út í hinar greinarnar þar sem gæfist meiri tími og ástundun. Sumsé, álit

námsráðgjafa rímar mjög við þær kannanir sem gerðar hafa verið meðal kennara og nemenda á þessum tímapunkti.

3.5 Heimsókn Ingvars Sigurgeirssonar

Ingvar Sigurgeirsson kom í heimsókn 7.-8. desember 2010, fylgdist með Íslandsáfanganum í framkvæmd og ræddi við nemendur, kennara og stjórnendur. Hann fundaði bæði með NÁT-hlutanum og SAM-hlutanum og voru helstu ábendingar hans og umræður á öllum fundunum teknar saman og nýtast því sem matsgögn.

Niðurstöður úr spjalli Ingvars við um 40 nemendum leiddu í ljós að um 80% voru jákvæðir gagnvart Íslandsáfanganum og mjög ánægðir með kennarana sína. Þeir töldu að kennarar mættu tala meira saman, kennarar væru jafnvel of margir, mörg verkefni í einu, erfitt að halda athygli á fyrirlestrum í Kvosinni og verkefnaskil mættu vera fjölbreyttari. Þeim fannst skipulagið þó hafa batnað frá fyrstu vikunum, þeir voru ánægir með hópvinnu, verkefnin voru fjölbreytt, frábært að vinna eftir þemum og geta ráðskast svolítið með rýmið og þeir töldu sig læra heilmikið um lífið og beitingu tungumáls og þekkingar.

Kennarar töldu sig læra mikið, samræðan væri góð, þetta væri virkt námssamfélag, gott að hafa langar lotur og geta t.d. sýnt bíómynd og unnið úr efninu. Neikvæðir þættir lutu að skipulagi og skorti á tíma til samráðs og undirbúnings, nefndir voru erfiðleikar við yfirferð og úrvinnslu, nemendur yrðu að fá betri endurgjöf og einhverjir viðruðu efasemdir um að nemendur lærðu nóg í einstaka fögum.

Ingvar gagnrýndi hina hefðbundnu safnaðaruppröðun borða og mælti með skeifulaga formi (U-röðun). Hann vildi hafa afrakstur vinnu nemenda sýnilegri á veggjum. Hann sagði að markmiðin þyrftu líka að vera sýnilegri þannig að nemendur væru meðvitaðir um þau. Skil milli þema mættu vera skarpari og koma þyrfti á skipulegra samvinnunámi í hópverkefnum. Þá fannst honum, líkt og mörgum nemendum og kennurum, Kvosin ekki hentug fyrir fyrirlestra og hann varaði við lengri fyrirlestrum en 15-20 mín. án uppbrots. Ingvar var mjög ánægður með samstöðu kennara og samskipti nemenda og kennara, taldi notalegan brag yfir þessu en einhver hugmyndafræðilegur ágreiningur væri þó merkjanlegur og mætti e.t.v. leyfa fólki að skiptast á að ráða meginsjónarmiðum í áfanganum.

3.6 Áfangakönnun á haustönn

Sjálfsmatsnefnd skólans efndi til skipulagðrar áfangakönnunar meðal nemenda Íslandsáfangans í janúar 2011 og gafst þá tækifæri til að gera haustönnina upp. Nefndin er reglulega með áfangakannanir af þessu tagi, þær gefa kennurum vísbendingar um áfangana sem þeir kenna,

kennsluhætti o.fl. og í kjölfar slíkra kannanna hefur kennurum verið boðið starfsmannaviðtal hjá stjórnendum. Hér eru hins vegar margir kennarar í sambættum áfanga, það er ekki verið að brjóta einstaka kennara til mergjar og því sjálfsagt að nota könnunina sem matsgögn fyrir Íslandsáfangann. Ekki er verið að rjúfa trúnað við einstaka kennara, hér er það fyrst og fremst áfanginn sjálfur og skipulag hans sem er lagður í dóm nemenda.

Hér verður aðeins á einfaldan hátt tæpt á helstu niðurstöðum. Gengið er út frá svörunum mjög sammála og frekar sammála og athugað hvort meiri- eða minnihluti nemenda krossar við þá möguleika við einstaka liði. Einnig er þetta flokkað í það sem kalla mætti jákvæða og neikvæða þætti út frá niðurstöðum.

Lítum fyrst á jákvæðu þættina. 52% eru mjög eða frekar sammála því að fjögurra stunda lotur séu hæfilegar, 63% segja það gagnast sér hvernig moodle er notað, 77% segja líðan sína í áfanganum góða, 61% búast við góðum árangri, 70% eru sátt við framkomu kennara, 66% telja verkefnalýsingar aðgengilegar, 66% finnst auðvelt að biðja um aðstoð kennara, 60% segja gott að læra nokkrar námsgreinar í sama áfanga, 61% nefnir að álag sé hæfilegt, 57% finnst yfirleitt næði til að læra í tímum, 73% finnst kostur að hafa ekki sérstakar kennslubækur, 65% segjast ánægð með að taka þátt í nýjum Íslandsáfanga, 85% telja nóg af verkefnum til að vinna að í kennslustundum, 63% segjast fá að skipuleggja tímann sinn vel, 67% segjast hafa frjálst verkefnaval innan ákveðins ramma, 68% segjast nýta tímann vel, 83% taka undir það að nemendur séu hvattir til sjálfstæðra vinnubragða, 79% telja sig hafa þjálfast vel í hópvinnu, 71% segja hópvinnu hæfilega mikla, 70% segja námsferðir hafa heppnast vel, 85% segja símat betra en próf, 78% hafa áhuga á náminu, 78% segja verkefni fjölbreytt og 53% segja kennara nær alltaf til staðar.

Síðan eru það neikvæðu þættirnir. 48% gera sér góða grein fyrir því til hvers er ætlast í áfanganum, 24% telja kennslustundir vel skipulagðar, 29% segja skipulag verkefna gott, 33% segja fyrirmæli frá kennurum skýr, 79% segjast oft fá misvísandi skilaboð frá kennurum, 72% telja of mörg verkefni í gangi á sama tíma og 59% segjast þurfa að læra mikið utan kennslustunda (kostur eða galli?).

Loks voru opnar spurningar þar sem nemendur gátu sagt eitthvað jákvætt eða neikvætt um áfangann. 90 af 189 komu með jákvæðar athugasemdir og 109 nefndu eitthvað neikvætt. Meðal jákvæðra þátta sem oftast voru nefndir voru fjölbreytni, sjálfstæði, æfing í vinnubrögðum, hópvinna, tilbreyting frá hefðbundnu námi, skemmtileg verkefni og góðir kennarar. Í neikvæða hlutanum var talað um óskýr fyrirmæli, misvísandi skilaboð kennara, skipulagsleysi, misgott aðgengi að kennurum, lítið samræmi, misræmi í einkunnagjöf, sumir þyrftu að leggja meira á sig en aðrir í hópvinnu og of mörg verkefni væru í gangi í einu.

3.7 Sjálfsmat nemenda á haustannarprófi

Nemendur í Íslandsáfanganum þreyttu ekki eiginlegt lokapróf en þeir fengu spurningar til að velta fyrir sér heima og átt síðan að mæta í haustannarpróf og fullvinna svörin. Þetta var nokkurs konar lokamat þeirra eftir haustönnina, sjálfsskoðun og ígrundun. Farið var yfir einstök verkefni eða þemu og framvinduna í heild.

Þetta eru gögn sem vissulega mætti vinna úr, t.d. ef ætlunin væri að skoða einhverja tiltekna þætti væri hægt að leita að þeim í þessu lokamati nemenda. Einn kennari Íslandsáfangans tók saman fáein svör, nokkurs konar stikkprufur. Hér birtast fáein svör við eftirfarandi spurningu: Hefur Íslandsáfanginn breytt hugmyndum þínum um nám og skóla eða þig sem nemanda?

„Ég tók líka eftir því að ég átti auðveldara með að tala opinberlega, fyrir framan fólk sem ég þekkti ekki. Ég get sagt frá með mínum orðum þá að ég sé að tala frammi fyrir öllum bekknum.“

„Ég er mun öruggari í framkomu en ég var áður og á bæði auðveldara með að koma fram fyrir margmenni og einnig að tjá skoðanir mínar í smáum hópum.“

„Áfanginn hefur ekki breytt mér sem námsmanni, en hann hefur haft áhrif á hvernig ég vinn verkefni. Ég er ábyrgari gagnvart náminu, betri í að skrifa texta og á auðveldara með að skipuleggja mig.“

„Í fyrstu var ég frekar tregur og feiminn við að segja mínar skoðanir á hlutunum en nú er ég orðin miklu færari við að tjá mig fyrir framan aðra og sýna hugkvæmni.“

„Ég hef líka áttað mig á því að kennarar eru ekki aðalfólkið sem er inni í stofunni og á ekki að gera alla vinnuna heldur við, nemendurnir.“

„Ég veit núna að fleiri aðferðir eru til við að læra en glósa niður það sem kennarinn prédikar yfir manni. Hægt er að vera virkur nemandi og hafa áhrif á hvað maður lærir.“

Í samantekt kennarans birtust ekki neikvæðu svörin við þessari spurningu og þyrfti því að skoða frumgögnin mun betur til að hægt sé að nota þetta haustannarpróf sem raunveruleg matsgögn. Þarna má þó sjá vangaveltur nemenda í 1. bekk í lok haustannar eftir að hafa þreytt Íslandsáfangann eina önn. Í lokin má bæta við einni athugasemd frá nemanda um ábyrgð á eigin námi: „Í byrjun þoldi ég ekki hve lítið var sagt um verkefnin og hvað fáar verkefnalýsingar voru. Í grunnskóla er maður vanur svo fáránlega nákvæmum lýsingum að maður þarf varla að gera neitt sjálfur. Núna á ég mun léttara með að finna sjálf hugmyndir og get skrifað hugleiðingu á stuttum tíma.“

3.8 Gæðahringir og mat á vorönn

Nemendur voru einnig virkjaðir á vorönn en farið var að gæta þreytu hjá þeim í stöðugu sjálfsmati og umræðum og var reynt að stilla formlegu mati í hóf. Hér verður gripið niður í gæðahringi og rýnihópa 8. apríl 2011. Þá var SAM-hlutinn kominn í NÁT og öfugt og hægt bera saman, hvort

Þetta væri endurtekning á vinnubrögðum og efnistöfum eða rökrétt framhald þar sem verið væri að byggja ofan á fyrri þekkingu. Einnig var spurt um helstu jákvæðu og neikvæðu þætti og sérstaklega var spurt um skipulag og verkefnaálag, í ljósi umræðunnar á haustönn.

Í gæðahringjum bekkjanna komu fram margvísleg sjónarmið. Nokkrir nefndu að NÁT-hlutinn væri meira krefjandi en verkefni og kennsluáðferðir fjölbreyttari í SAM. Einnig var nefnt að meira skipulag væri í NÁT og verkefnin stærri. Flestir tóku undir það að verið væri að byggja ofan á, nú væru nemendur búnir að læra tiltekin vinnubrögð á haustönn og gætu nýtt sér þau á vorönn. Þetta væri tvennt ólíkt, verkefnin væru mismunandi en verið væri að nota sömu aðferðir. Nemendur töldu samþættinguna minni í NÁT, þar væru fögin skýrari.

Jákvæði hringurinn fól í sér umræðu um betra skipulag, skemmtilegt efni, gagnlega æfingu í vinnubrögðum, góða blöndu greina, skemmtilega kennara, fróðlega fyrirlestra, meiri kennslu og glósutækni og að fyrirkomulagið væri þægilegt. Neikvæðu þættirnir voru svipaðir og á haustönn, of mörg verkefni í gangi í einu, hringl með skilafrest, ekki nógu markviss notkun moodle, kennarar þyrftu að vera meira í stofunni, kennarar fara yfir verkefni á mismunandi hátt og gera misjafnar kröfur t.d. til heimildavinnu en lítið var hins vegar minnst á óreiðu og skipulagsleysi.

Þá voru 26 nemendur úr öllum bekkjum fengnir til að fylla út matsblað. Þar fékkst frekari staðfesting á því að skipulag virðist hafa batnað. Alls sögðu 20 að skipulag væri betra eða mun betra en á haustönn en 6 nemendur gerðu enn athugasemdir við skipulag og ut anumhald kennara, s.s. í sambandi við fyrirmæli, leiðbeiningar og samræmi. Hins vegar má vitaskuld velja því fyrir sér, hér sem oftast, hvernig nemendur hefðu metið skipulag í hefðbundnum áföngum. Samanburðinn vantar.

Það sem nemendur vildu helst laga var að fækka verkefnum, ekki hafa þau svona stór og ekki mörg í gangi í einu, einstaklingsverkefni mættu vera fjölbreyttari og meira skapandi, eftirlit kennara mætti vera meira og nokkrir kvörtuðu yfir of mikilli tölvunotkun og moodle. Þarna var líka talsvert talað um misræmi milli kennara og einhverjir nefndu að verkefnin þyrftu að vekja meiri áhuga, vera skemmtilegri. Tímaskortur var líka nefndur.

3.9 Áfangakönnun á vorönn

Nemendur í Íslandsáfanganum tóku aftur þátt í áfangakönnun í lok vorannar. Ekki eru miklar breytingar frá fyrri könnun en þó má lesa ákveðna þróun. Fleiri kvarta yfir auknu álagi, 49% segja álag hæfilegt en 61% á haustönn. Nemendur segja minna næði í tímum, þeir nýta tímann ekki eins vel og áður, færri telja hópvinnu hæfilega mikla og áhugi á námi dalar nokkuð.

Hins vegar má sjá nokkur batamerki í flestum neikvæðum þáttum frá haustönn. Líkt og í samantektinni um þá könnun er hér slegið saman svörum þeirra sem voru mjög eða frekar sammála

og tölurnar í sviga eru frá haustönn. Nú tala 62% (79%) um misvísandi skilaboð kennara, 32% (24%) segja kennslustundir vel skipulagðar, 48% (29%) segja skipulag verkefnaskila gott, 42% (33%) telja fyrirmæli kennara skýr og 62% (72%) segja of mörg verkefni í gangi á sama tíma. Þá má nefna að nú segja 82% (66%) verkefnalýsingar aðgengilegar.

3.10 Mat kennara á vorönn

Allir kennarar Íslandsáfangans fengu sent matsblað frá matsfulltrúa í lok vorannar. Það var mun einfaldara í sniðum en matið á haustönn. Hér var í raun aðeins lagt upp með samanburð og þróun milli anna, spurt um markmið og hvort þau hafi náðst og loks spurt um helstu kosti og galla áfangans í heild. Svörun var ekki eins góð og á haustönn og kannski farið að gæta matsleiða hjá kennurum líkt og kom fram hjá sumum nemendum, auk þess sem miklar annir voru hjá kennurum í lok vorannar. Hér koma helstu niðurstöður.

Fyrsta spurning: Hvað hefur helst breyst á vorönn frá haustönn? Á hvaða hátt hafa athugasemdir úr matinu skilað sér í breyttum kennsluháttum, skipulagi eða öðru? Hvernig hefur viðhorf þitt (sýn) til áfangans þróast?

Hér er nefnt að skipulag kennarahópsins hafi batnað og markvissara skipulag sé á kennsluháttum fyrir hverja viku, samræming sé betri, fyrirlestrar styttri og markvissari, verkefni hafi breyst á þann hátt að ekki séu allir nemendur að vinna að samskonar verkefni á sama tíma, verkum hafi verið skipt betur á kennara, meiri regla á einstaklingsverkefnum, gott að fá fundartíma á föstudögum og hver bekkur hafi nú ákveðinn umsjónarkennara innan Íslandsáfangans.

Í svörum kennara má lesa að oft hafi verið tekið tillit til kvartana nemenda en nemendur hafi þó ekki alltaf rétt fyrir sér. Til dæmis er nefnt að kennarar muni aldrei tala einum rómi og nemendur þurfi að læra að þola dálítið ósamræmi eða óvissu, í því sé mikil þjálfun fólgin. Og einn kennari gerir eftirfarandi grein fyrir máli sínu: „Nemendur hafa t.d. kvartað að erfitt sé að vinna mörg verkefni í einu í áfanganum, að of margt sé í gangi á sama tíma. Þessu viljum við kennarar ekki breyta, nemendur eiga einmitt að þjálfast í því að skipuleggja tíma sinn, passa upp á að skila verkefnum á sama tíma, áfanginn á ekki að vera þannig að nemendur séu bara að vinna að einhverju einu skýrt afmörkuðu verkefni og þurfi ekki að hugsa um neitt annað á meðan.“

Önnur spurning: Hvernig telur þú nemendur hafa áttað sig á markmiðum áfangans og þegar upp er staðið, telur þú nemendur almennt hafa náð helstu markmiðunum? Ef ekki - hvers vegna?

Hér er sagt að meira sé hamrað á markmiðunum en í öðrum áföngum, nemendur hafi áttað sig á meginmarkmiðunum, nemendur geri sér ekki endilega grein fyrir því hvað þeir hafi lært mikið því margir tengi nám aðallega við utanbókarlærdóm, í heild hafi markmiðin náðst að talsverðu leyti, nemendur hafi þjálfast vel í samvinnu, skipulagi og verkstjórn, nemendur eru farnir að bera meiri

ábyrgð á náminu og átta sig á því að nám er ekki það sama og kennsla, ekki allir sem átta sig á því að aðalmarkmiðin séu sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og hópvinna, ekki allir sem höndla þetta sjálfstæði - eru kannski of ung.

Þriðja spurning: Íslandsáfanginn í heild. Helstu kostir (og ávinningur fyrir nemendur, kennara, skólasamfélagið).

Kennarar nefna meiri samvinnu, víkkaðan sjóndeildarhring, lærdómsríkt samstarf, umræðan mjög góð fyrir kennarahópin - einkum þá sem kenna í Íslandi, ávinningur nemenda ætti að koma fram síðar í sjálfstæði og agaðri vinnubrögðum, þjálfun í leitarnámi, markvissum vinnubrögðum, nemendur í 1. bekk hæfari en áður til að fást við flókna hluti, skemmtilegt að vinna með fólki úr öðrum greinum, sterk krafa um virkni, vinnufriður, heildræn nálgun en ekki bútað sundur í fög, skemmtilegt og fjölbreytt fyrir kennara og nemendur, nemendur læra að bjarga sér í verkefnavinnu, s.s. að afla upplýsinga, vinna úr þeim og koma þeim á framfæri, flytja fyrirlestra, skrifa heimildaritgerðir, fá tækifæri til að vera frumleg og nota óhefðbundnar aðferðir, fá tækifæri til að vera gagnrýnin á sjálfa sig og áfangann en einnig samfélagið, meiri yfirsýn kennara yfir nám í 1. bekk.

Fjórdá spurning: Íslandsáfanginn í heild. Gallar. Hvað mætti betur fara, hverju þyrfti helst að breyta?

Hér voru t.d. skiptar skoðanir um hvort auka ætti áherslu á þekkingarmarkmið, það gæti komið niður á öðrum markmiðum, nefndir voru laumufarþegar í hópvinnu og hvað væri hægt að gera við þessa óvirku nemendur og einnig þá áhugalausum sem vildu bara hanga í tölvu, æskilegt væri að hafa meiri lestur, hafa færri og merkingarbærari hópverkefni, kennarahópurinn þyrfti líka námskeið eða aðstoð til að læra að gera flottari verkefni, utanumhald er erfitt, skortur á stærra rými til að hafa bekkir saman, of mikið álag við yfirferð, fá meiri tíma til innlagnar og þjálfunar, sumir nemendur þurfa enn skýrara skipulag og fyrirlögn, þyrfti að útskýra samþættinguna betur fyrir nemendum.

3.11 Viðtal við verkefnisstjóra Íslandsáfangans

Í lokin er ekki úr vegi að heyra hljóðið í Valgerði S. Bjarnadóttur, verkefnisstjóra Íslandsáfangans og nýrrar námskrár. Hún hefur fylgst grannt með framvindunni þennan vetur, aðstoðað við gæðahringi og setið fundi með kennurum Íslandsáfangans. Hún var fyrst beðin að rifja upp markmið áfangans og meta hvernig tekist hefði að ná þeim.

Valgerður sagði að kennarar Íslandsáfangans hefði sjálfir sett niður sameiginleg markmið, fjögur yfirmarkið áfangans. Þau eru þessi:

1. Nemandinn þekki stöðu sína í því umhverfi sem hann lifir og hrærist í, bæði samfélaginu

og náttúrulegu umhverfi. Hann geti auk þess gert sér og öðrum grein fyrir sögulegum forsendum þessa umhverfis og þeim áhrifum sem maðurinn og umhverfið hafa hvort á annað.

2. Nemandinn kunni til verka við þekkingaröflun og upplýsingaleit. Hann beiti þeim aðferðum sem við eiga hverju sinni og yfirfæri slíka kunnáttu eftir þörfum. Hann kunni að meta upplýsingar og vinna með þær á þann hátt að þær skili honum þekkingu og aukinni hæfni til náms.

3. Nemandinn styrki málvitund sína og málhæfi, skilji fjölbreytta texta og beiti einnig málinu til að miðla þekkingu sinni og viðhorfum til annarra.

4. Nemandinn sýni hugkvæmni við lausn verkefna, sveigjanleika í samstarfi og ábyrgð gagnvart náminu og skólanum.

Að sögn Valgerðar var grunnhugmyndin að baki áfanganum annars vegar að virkja nemendur meira í námi sínu, þjálfja þá á markvissan hátt í vinnubrögðum og gera tilraun til að samþætta greinar þannig að nemendur litu á nám sitt í skólanum á heildrænan hátt og næðu betri yfirsýn og tengingu milli faga. Sjálfstæði nemenda átti að reyna að auka og lækka múra á milli greina. Hinsvegar þótti ástæða til að auka áherslu á grenndarvitund nemenda og þekkingu þeirra á landi og þjóð. Þar var verið að tala um grunnþekkingu til dæmis á félagsgerð okkar, náttúru, landafræði, sögu okkar og tungu. Þar koma greinarnar inn sem eru síðan samþættar.

„Þessar áherslur höfðu verið nokkuð áberandi milli kennara við skólann síðastliðin ár. Þegar nýtt einingakerfi var kynnt og nýjar áherslur í námskrá þótti tilvalið að leggja til stóran samþættan áfanga í 1. bekk þar sem nokkrar greinar ynnu saman. Með nýrri framhaldsskólaeiningu var ekkert sem bannaði slíkan áfanga og ákveðið var að hafa hann í tillögu vinnuhóps um nýja námskrá í MA. Kennarar tóku síðan við hugmyndinni og útfærðu hana,“ sagði Valgerður.

Hún taldi nemendur hafa þjálfast heilmikið í vinnubrögðum, sem þeir hefðu að sjálfsögðu líka gert í venjulegum fyrsta bekk en Íslandsáfanginn gerir það að verkum að þjálfunin getur orðið markvissari; það er víska fyrir því að enginn fer í gegnum fyrsta bekk án þess t.d. að halda vel útfærðan fyrirlestur.

Valgerður sagði markmiðin vissulega umfangsmikil og ekki endilega öll þannig að það sé auðvelt að mæla hvernig til hefur tekist. Sjaldan væri það svo að nemendur næðu öllum markmiðum sem sett eru í hefðbundnum áföngum. Þannig væri það líka með Íslandsáfangann.

„Markmiðin eru háleit og svo hafa kennarar ekki endilega alltaf verið með það í huga að vinna að þessum markmiðum. Það verður sérlega mikilvægt að þessi markmið verði höfð í huga í allri vinnunni næsta vetur, þar sem fyrsta keyrslan snerist svolítið um það að halda sér á floti en vonir standa til þess að næsta vetur gefist rúm til að íhuga fleiri þætti og passa enn betur upp á faglega hlutann,“ sagði Valgerður.

Hún segir þessa þróunarvinnu hafa mikinn ávinning í för með sér fyrir kennara, nemendur

og hið faglega námssamfélag. Mikil umræða hafi farið fram meðal kennara, ekki bara innan þess hóps sem kennir í áfanganum. Tekist er á um kennslufræðileg málefni og það telur hún af hinu góða. Kennarar veiti hver öðrum stuðning og það hafi verið mjög gaman að fylgjast með þeim vinna saman í vetur.

Nemendur hafi þjálfast mikið í alls konar vinnubrögðum, skrifað margar ritgerðir og leyst alls kyns fjölbreytt verkefni sem reyna á virkni þeirra og hæfni til að vinna saman í hóp. Valgerður segir mikilvægt að þessi undirbúningur nýtist sem best á seinni árum þeirra við skólann og kennarar annarra greina hjálpi til að við að mynda þessa samfellu í náminu sem er svo mikilvæg.

Hún segir að mikið reyni á samskiptahæfni kennara, ekki síður en nemenda, og einnig skipti máli hvaða sýn kennarar hafi á nám og kennslu. Flestir taki þátt af því að þeim finnst þetta mikilvægt og vilja af fullum hug eiga hlutdeild í þessu verkefni. Örfáir eru þó ekki jafn sáttir, finnst þetta ekki passa við sína starfskenningu og svo framvegis. Það megi vitaskuld ekki pína neinn til að vinna í þessu.

„Það er mikilvægt að gefa kennurum tíma til að ræða saman um leiðir og aðferðir og það kostar tíma og peninga. Skólinn þarf að viðurkenna sérstöðu þessa áfanga og styðja vel við hann. Ef það verður ekki gert fellur þetta um sjálfst sig. Það er því afar mikilvægt að það sé vel skipulagt hvernig standa skuli að greiðslum, fundum og stjórnun áfangans,“ sagði Valgerður.

Hún telur fulla ástæðu til að halda áfram á sömu braut. Grunnhugmyndirnar rími við margt sem eftirsóknarvert þyki í menntunarfræðum, Íslandsáfanginn hafi vakið mikla athygli víða í skólasamfélaginu og ef marka má hinar góðu viðtökur telur hún að verkefnið sé á réttri leið. Þetta sé mjög stór breyting og umfangsmikið þróunarverkefni og það verði að fá að þróast í einhvern tíma.

„Nemendur eru gríðarlega íhaldssamir og þeir þurfa tíma til að venjast þessum breytingum, og í raun breytingum á námskránni í heild. Kennararnir þurfa tíma til að slípast í þessum vinnubrögðum líka, læra inn á hver annan og stilla saman strengi. Ef kemur í ljós að kennurum finnst þetta ekki ganga nógu vel og með Íslandsáfangnum sé e.t.v. verið að fórna meiru fyrir minna þá er auðvitað nauðsynlegt að ræða það og endurskoða. Þessi áfangi stendur og fellur með kennurunum sem kenna hann, þannig er það bara. Það þarf að sjá hvernig nemendur flytja námið með sér upp á efri ár, en það er alls ekki tímabært að hætta við þetta verkefni eða breyta því stórkostlega strax. Eftir þennan fyrsta vetur finnst mér full ástæða til að halda áfram, kennararnir eru í flestum tilfellum mjög ánægðir með samvinnuna og hlakka til að fara í gegnum þetta aftur, laga agnúa og halda áfram að þróa og bæta,“ sagði Valgerður.

4. Aðrar greinar

4.1 Mat kennara á haustönn

Til að glöggva sig á námskrárbreytingum í öðrum greinum en Íslandsáfanganum í 1. bekk og um leið hvetja kennara til sjálfsmats og samstarfs fengu kennarar í ensku, frönsku, íþróttum, stærðfræði og þýsku matsblöð í lok haust- og vorannar. Spurt var um markmið, skólasýn, breytingar frá gömlu námskránni, jákvæða og neikvæða þætti í sambandi við hegðun, virkni og vinnubrögð nemenda, árangur nemenda, áhrif bekkjarfunda, velgengnisdaga, hvernig fagmennska kennara nýttist og loks vangaveltur um líðan starfsmanna í námskrárvinnu.

Hér verður aðeins velt upp fáeinum atriðum en úrvinnslu á velgengnisdögum og líðan kennara má finna í öðrum köflum. Þá sögðust allir kennarar taka beint eða óbeint mið af skólasýninni í kennslunni og þarf því ekki að fjölyrða um þann þátt.

Í enskudeildinni ríkti ánægja með breytingarnar, endurskoðun áfanga hefði verið byrjuð og innleiðing nýrrar námskrár hefði því komið á góðum tíma. Talsvert var gert með hæfniviðmið áfangans og nemendur virtust fljótir að tengja hæfni og nám saman. Nemendur voru sagðir samvinnufúsir og vinnusamir og spurning hvort Íslandsáfanginn hefði þar áhrif. Bekkjarfundir höfðu gengið skrykkjótt og talið vænlegt að skipta hópnum í tvennt.

Þýskudeildin taldi markmiðin mikilvæg en ekki væri farið að vinna mikið í færniþáttum nýrrar námskrár. Ánægja var með að kenna nú sex tíma á viku í stað fjögurra í 1. bekk. Deildin var byrjuð að vinna skv. evrópsku tungumálamöppunni áður en námskrárbreytingarnar gengu í garð, nýtt námsefni tekið inn og kennsluhættir þróaðir. Lögð er áhersla á að nemendur læri tungumálið á svipaðan hátt og móðurmálið. Þýskukennarar sögðu nemendur vinnusama og vinnumöppur virtust betri en áður. Hins vegar hefði umgengni í stofum versnað. Í sambandi við bekkjarfundi var minnst á að betra væri að skipta hópnum en almennt virtust fundirnir hafa góð áhrif á bekkjarandann. Oft séu það reyndar sömu nemendurnir sem láti í sér heyra.

Í frönskudeildinni er farið reglulega yfir færni-markmiðin og talið er að nemendur átti sig á lokamarkmiðum áfangans. Óljóst er hvaða breytingar hafi helst orðið frá fyrri námskrá en getið er um meira frelsi í nýju námskránni og þar með meiri ábyrgð kennara. Þar er einnig minnst á Evrópumöppuna. Nemendahópurinn virðist svipaður og áður, vinnubrögð og virkni hafa ekki breyst en vissulega geti bekkir verið misjafnir frá ári til árs.

Íþróttakennarar telja að meginþorri nemenda geri sér grein fyrir markmiðum áfangans en ætlunin sé að gera þau sýnilegri með því að hengja þau upp í íþróttahúsinu. Tímafjöldi í íþróttum hefur aukist í 1. bekk og finnst kennurum það jákvætt, þeir geti tekið betur á bóklega þættinum. Aðstaðan sé hins vegar ekki nægilega góð og hópar of stórir.

Stærðfræðikennarar segja markmiðin ágæt til að skipuleggja áfangann og þau veiti kennurum yfirsýn. Efasemdir eru um að nemendur velti sér mikið upp úr þeim og kannski mætti minna oft á þau. Markmiðin mætti nota til að auka ábyrgð nemenda. Ekki hafa orðið miklar breytingar á þessum fyrsta stærðfræðiáfangi. Þó er talað um breytta röðun og heildrænni nálgun. Einingarnar eru fleiri en bæði þyrfti að bæta námsefnið og auka það. Einn kennari vill talsverðar breytingar og t.d. minnka notkun reiknivéla. Nemendahópurinn er sagður svipaður og áður, einn kennari telur hann einbeittari, annar minnst á þreytu gagnvart ritgerðum og hópverkefnum í öðrum fögum og þá er minnst á þær raddir nemenda að gott sé að koma í fast form eftir að hafa verið í Íslandsáfanganum. Um áhrif bekkjarfunda eru skiptar skoðanir, einn talar um kvöl og þínu, annar segir að fundirnir verði að fjalla meira um mál sem nemendur hafi brennandi áhuga á.

4.2 Mat kennara á vorönn

Í maí fengu kennarar í greinum utan Íslandsáfangans matsblað með þremur spurningum þar sem færi gafst á sjálfsskoðun og yfirsýn. Fyrsta spurning: Hvernig hefur útfærsla nýrrar námskrár gengið í þinni grein? Nefndu helstu kosti og galla. Önnur spurning: Hver eru viðhorf þín til þess að flétta þína grein saman við aðrar greinar (og vinna meira með kennurum í öðrum fögum), að einhverju leyti eða öllu eins og gert er í Íslandsáfanganum? Þriðja spurning: Finnst þér vinnubrögð nemenda í 1. bekk hafa breyst í vetur og þá hvernig? Sérðu mun á þessum nemendum og nemendum í 1. bekk undangengin ár og þá hvernig?

Hér var fyrst og fremst verið að hvetja kennara til ígrundunar og faglegrar umræðu en í örstuttu máli má nefna að kennarar virðast sáttrir við breytingar í sínum áfangi en sumir nefna að vorönnin hafi verið strembnari, m.a. vegna kennslufalls, æfingakennara og annars uppbrots. Viðhorf kennara til samþættingar eru æði mismunandi en tungumálakennarar eru almennt jákvæðir enda hafa margir þeirra tekið þátt í samþættingu í ferðamálafræði í máladeild. Einnig er verið að vinna að ákveðinni samþættingu t.d. erlendra tungumála og íslensku í kjörsviðum á tungumála- og félagsgreinasviði í nýrri námskrá.

Þýskukennari nefnir að áhugavert gæti verið að tengjast sögu að einhverju marki. Enskukennari sér fyrir sér einhverja samþættingu á efri stigum þegar ákveðnum grunni er náð. Íþróttakennarar tala um tengsl við líffræði og þá séu notaðar heilsutengdar greinar á erlendum tungumálum og þar megi finna snertiflöt. Stærðfræðikennarar leggja áherslu á grunn fagsins í 1. bekk, bæði fyrir áframhaldandi stærðfræðináms og grunn fyrir efnafræði og eðlisfræði. Þeir kjósa því frekar að hafa greinina sjálfstæða þar sem grundvallarmarkmið gætu glatast við samþættingu. Auk þess sé námsmat vafasamt í samþættum áfangi. Þó vilja þeir ekki loka á þá leið að stærðfræðin gæti nýst í samþættum verkefnum á efri stigum.

5. Velgengnis dagar

Einn liður í skólanámskrá MA er ný nálgun á lífsleikni, sem ekki er lengur sérstakur áfangi heldur komin undir hatt svokallaðra velgengnisdaga. Velgengnis dagar eru þriggja daga uppbrot á önn þar sem áhersla er lögð á lýðræðisleg samskipti og starfshætti auk virkrar þátttöku nemenda. Skólasýnin er höfð að leiðarljósi og einkunnarorðin virðing, víðsýni og árangur. Alma Oddgeirsdóttir er verkefnisstjóri velgengnisdaga en umsjónarkennarar í 1. bekk bera meginþungann af starfinu.

Hér verður ekki farið ekki farið sérstaklega yfir þennan lið nýrrar námskrár heldur vísað í skýrslu verkefnisstjóra. Á haustönn var m.a. rætt um nútímaunglinginn og skapandi verkefni gerð, farið í einkunnarorð skólans og hugtök tengd skólasýn, efnt var til ljósmyndamarabons og bekkjarkynninga. Á vorönn var farið í lífsstíl, áhættuhegðun, geðrækt og heilsueflandi framhaldsskóla.

Markmið velgengnisdaga eru að efla sjálfs-, menningar- og umhverfisvitund nemenda. Nota fjölbreyttar og skapandi aðferðir til að nálgast viðfangsefnið með áherslu á virka þátttöku nemenda. Auka samkennd þeirra og borgaralega vitund. Auka samheldni, samvinnu og umburðarlyndi.

Kennarar í 1. bekk utan Íslandsáfangans voru spurðir um velgengnisdaga að hausti í matsblaði sem þeir fengu frá matsfulltrúa í desember. Flestir töldu þetta hafa gengið vel en þó ekki hnökralaust. Verkefnið hefði mátt finnúsa betur. Nemendur hafi virst ánægðir. Mikið hafi mætt á umsjónarkennurum. Einn kennari vildi nánari upplýsingar um það sem fram fór, annar nefndi góðar hugmyndir en ekki nógu vel undirbúin verkefni og að þetta hefði verið of líkt Íslandsáfanganum og síðan gerði einn athugasemdir við einstaka fyrirlesara. Fram komu spurningar um markmið, áfangalýsingar og námsmat og efasemdir um að allir kennarar hafi haft tækifæri til að vera með í ráðum. Þá spyr kennari hvort það borgi sig að fara í gegnum þetta og telur hugmyndina frekar eiga við á efri stigum þegar nemendur fari að skoða hvað taki við í lífinu, þ.e.a.s. ef velgengnis dagar eiga að koma í stað lífsleikni.

Eftir velgengnisdaga á vorönn var könnun lögð fyrir nemendur og verður hér tæpt á nokkrum niðurstöðum. 75% fyrstu bekkinga eru mjög eða frekar sammála því að velgengnis dagar hafi verið gagnlegir í heild. Þarna eru stúlkur ívið jákvæðari en drengir og munur á milli einstakra bekkjardeilda er talsverður, allt frá 48% jákvæðni upp í ríflega 90% jákvæðni. Einstaka fyrirlestrar voru metnir svo og smiðjur í tengslum við þá og áhrif fræðslunnar á nemendur.

Lítum á nokkrar tölur. 88% eru mjög eða frekar sammála því að það skipti máli að fjalla um forvarnir og lífsstíl. 53% segjast mjög eða frekar sammála því að þau muni velta lífsstíl sínum meira fyrir sér eftir velgengnisdaga. Í kringum 73-76% eru jákvæð út í smiðjur í tengslum við geðrækt og tæplega 88% telja geðrækt mikilvægt málefni. Verkefni í smiðju um áhættuhegðun voru ekki eins áhugaverð eða lærdómsrík, 63% töldu þau mjög eða frekar áhugaverð og 52% voru mjög eða frekar

sammála því að hafa lært ýmislegt af smiðjunni. Rétt innan við 50% töldu framtíðarsýn sína á málefnið skýrari en áður.

Í sambandi við heilsueflandi framhaldsskóla töldu 75% verkefnið áhugaverð en 47% kváðust sammála því að hafa lært ýmislegt af smiðjunni og 52% sögðu að smiðjan hefði vakið sig til umhugsunar um málið.

Hópvinnan fékk almennt góða dóma og einnig kynjaskiptingin í umræðum eftir fyrirlesturinn Hvar liggja mörkin? Þar kváðust líka 76% hafa lært ýmislegt og 80% sögðu að smiðjan hefði vakið sig til umhugsunar.

Velgengnisdagar eru þannig tilraun til að vinna með þætti sem tengjast markmiðum og skólasýn og voru áður kenndir í lífsleikni. Sennilega er of snemmt að segja til um hvort formið henti betur en þessar niðurstöður benda þó til þess að nemendur hafi haft gagn af þessari vinnu og vissulega fellur fyrirkomulagið vel að grunnmarkmiðum nýrrar námskrár, skólasýn og því sem verið er að gera í Íslandsáfanganum.

6. Líðan kennara og staðblær skóla

Breytingar, umbætur og þróunarstörf í skólum setja óhjákvæmilega mark sitt á skólabraginn og líðan starfsfólks. Í býsna formföstum og rótgrónum bekkjarskóla eins og Menntaskólanum á Akureyri mátti því fastlega búast við talsverðu róti þegar vinna hófst við nýja námskrá, sérstaklega eftir að málin tóku þá stefnu að stokka upp í 1. bekk og samþætta greinar í hinum nýja Íslandsáfanga. Fræðilega séð ætti þó að vera minni ólga en ella þar sem ráðist var í þessar breytingar innan frá en ekki með utanaðkomandi tilskipun.

Þegar byrjað var að kenna samkvæmt nýrri námskrá haustið 2010 vakti Íslandsáfanginn mikla athygli og umtal, innan skólans sem utan. Nýnemar og forráðamenn þeirra voru eflaust dálítið tvístígandi, kennarar sem stóðu utan Íslandsáfangs sömuleiðis og fljótlega mátti merkja einhverjar breytingar á andrúmsloftinu í skólanum. Um helmingur kennara var farinn að kenna eftir nýrri námskrá í 1. bekk en hinn helmingurinn var í biðstöðu. Kennarar í Íslandsáfanganum voru mjög áberandi enda samþætting greina í mótun, mikið um faglegt spjall á göngum og í kaffistofu og stöðugt verið að meta hvernig gengi.

Í ljósi þessarar þróunar ákvað matsfulltrúi að hafa með á matsblaði sem allir kennarar í 1. bekk fengu í desember svohljóðandi spurningu: Hvaða áhrif hefur vinna við nýja námskrá og upptaka hennar á líðan þína í starfi og staðblænni (móral/skólabrag) í deildinni og/eða á vinnustaðnum?

Matsfulltrúa bárust 11 svarblöð frá 11 kennurum í Íslandsáfanga og 8 svarblöð frá 12 kennurum í ensku, frönsku, íþróttum, stærðfræði og þýsku en kennarar í íþróttum og þýsku skiluðu

að hluta til sameiginlegu álitu. Niðurstöður voru reifaðar á sérstakri þórrastefnu allra starfsmanna að loknum haustannarprófum í lok janúar 2011.

Af þessum 19 svarblöðum er getið um jákvæð áhrif breytinganna á 10 blöðum og lúta þeir þættir fyrst og fremst að sköpun og samstarfi. Fólk segist hlynnt breytingum, vinnan sé skemmtileg og lærdómsrík, meira sé rætt á faglegum nótum en áður, meira samráð og nánd, gaman sé að skapa eitthvað nýtt saman og sífellt fleiri séu tilbúnir í nýjungar og meiri fjölbreytni. Drifkrafturinn og nýsköpunargleðin eru áberandi hjá mörgum í Íslandsáfanganum og þar fá breytingarsinnar og samvinnumenn að njóta sín. Mismiklar breytingar eru í öðrum áföngum en allir kennarar virðast sáttir við hina nýju skólasýn.

Á öllum 19 blöðunum er líka minnst á neikvæð áhrif og vanlíðan. Stór hluti kennaranna, sem annars er nokkuð sáttur við námskrárvinnuna, nefnir neikvætt viðhorf annarra, fordóma, kergju, verið sé að grafa undan breytingastarfi, togstreita milli deilda hafi aukist, niðrandi ummæli heyrst og svo eru aðrir sem gagnrýna hvað breytingar séu keyrðar hratt í gegn og eru ekki sáttir við hvernig að nýrri námskrá sé staðið.

Átta kennarar nefna beint aukið álag, stress, þirring og vanlíðan. Breytingarnar séu ruglingslegar og sumir tengja saman aukið vinnuálag og litla umbun í launum. Fjórir viðra efasemdir um faglegan grunn námskrárbreytinga, ekki sé hlustað á allar deildir og ábendingum ekki svarað.

Hér var sumsé aðeins kannað viðhorf kennara í 1. bekk, þeirra sem voru byrjaðir að kenna samkvæmt nýrri námskrá. Mjög fáar gagnrýnisraddir á námskrárbreytingar heyrðust frá kennurum Íslandsáfanga en þær voru fleiri í öðrum greinum. Fróðlegt hefði verið að kanna viðhorf kennara á nýjan leik í lok vorannar til breytingastarfsins og áhrif þess á líðan þeirra og raunar væri ekki úr vegi að fylgjast með líðan allra starfsmanna í breytingaferlinu.

7. Samstarf við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Matsfulltrúi leitaði eftir faglegu samstarfi og stuðningi hjá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og var samið við Sólveigu Zophoníasdóttur um að hittast einu sinni í mánuði eða svo og bera saman bækur. Til þessa samstarfs var stofnað með hag beggja að leiðarljósi, þannig að matsfulltrúi hefði aðgang að öflugum bakhjarli innan fræðasamfélags á háskólastigi og jafnframt að það fræðasamfélag fengi innsýn í þróunarstarf í framhaldsskóla.

Það er skoðun matsfulltrúa að samstarfið hafi gengið vel og verulegur ávinningur fyrir matsferlið að hafa tengsl við Miðstöð skólaþróunar, auk þess sem matsfulltrúi taldi fýsilegt að efla samstarf Menntaskólans á Akureyri og Háskólans á Akureyri. Haldnir voru fimm formlegir fundir, skipst á skoðunum og upplýsingum í tölvupósti og Sólveig skilaði síðan inn skýrslu um samstarfið.

Grípum hér niður í framvindukafla skýrslunnar:

„Skipuleg vinna við ráðgjöfina hófst í byrjun október 2010 með fundi okkar Stefáns (ráðgjafi og matsfulltrúi) og fór fundurinn fram í MA sem og aðrir fundir okkar. Í október voru lagðar megin línur fyrir samstarfið á grundvelli verkáætlunar fyrir skólaárið 2010–2011 og ákveðið var að funda mánaðarlega til að byrja með og vera þess utan í bréfasambandi eftir því sem við ætti.

Til þess að fá heildarsýn á verkefnið og umfang þess fór ég í upphafi yfir umsókn MA í Sprotasjóð. Ég dró fram og flokkaði markmið Íslandsáfangans, væntingar til hans, áherslur, mat, hlutverk starfsfólks o.fl. og setti upp í hugarkort sem nálgast má á eftirfarandi slóð með lykilorðinu island:

<http://www.mindmeister.com/maps/show/15389005>

Við lögðum áherslu á að skoða og gera grein fyrir markmiðum, matsleiðum, leiðum til gagnaöflunar og úrvinnslu.

Megin markmið verkefnisins er að auka námsánægju, áhuga og virkni nemenda, þjálfa markviss vinnubrögð og yfirfærslu þekkingar og leikni milli námsgreina.

Við mat á námi og vinnu nemenda var lögð áhersla á að meta vinnubrögð, áhrif valfrelsis innan viðfangsefna á námsánægju nemenda og hvort afurðir náms beri vott um sjálfstæða hugsun og hugkvæmni. Í verkefninu var lögð áhersla á einstaklingsmiðaða aðstoð og aðhald með leiðsagnarmati í því skyni að bæta viðhorf til náms og auka virkni nemenda. [...] Matsleiðir þróunarverkefnisins voru fjölbreyttar og til varð mikið magn upplýsinga.

Um miðjan nóvember fórum við yfir framvindu mats miðað við verkáætlun og ljóst var að vel miðaði. Gögn bárust um það leyti frá bekkjarfundum og gæðahringjum um Íslandsáfangann og almennt um nýbreytnina auk gagna um velgengnisdaga. Velgengnis dagar eru þriggja daga uppbrot á hverri önn þar sem áhersla er lögð á lýðræðisleg samskipti og starfshætti auk virkrar þátttöku nemenda. Mjög sýnileg gögn um velgengnisdaga mátti sjá á göngum skólans því nemendur höfðu fengið það verkefni að kryfja til mergjar einkunnarorð skólans: virðingu, víðsýni og árangur á fjölbreyttan hátt í máli og myndum. [...]

Í ljós kom að ekki var svigrúm til formlegrar starfendarannsóknar með skuldbindingu allra kennara. Við töldum þó best að reyna eins og mögulegt væri setja matið sem mest í ferli í anda starfendarannsókna. Þannig fengi þróunarstarfið að njóta þess byrs sem feldist í krafti og þekkingu starfsfólksins til þess að meta og knýja ferlið áfram og um leið að efla matsmenningu innan skólans. Verkefnisstjórar og kennarar hittust vikulega og gerðu grein fyrir stöðu mála, hvernig hefði gengið, hvað mætti betur fara og lögðu á ráðin um næstu skref. Haldnir voru bekkjarfundir og gæðahringir og leitað eftir skoðunum nemenda á verkefninu. Kennurum hugnaðst ekki að halda dagbók en vildu

Þess í stað að leggja áherslu á góðar og ítarlegar fundargerðir. Til viðbótar hefðbundnum efnivið fundargerðar er lagt mat á hvernig gekk að ná markmiðum þróunarstarfsins hverja viku, hvað væri vel gert og hvers vegna og hvað mætti betur fara og hvers vegna og með hvaða hætti skyldi taka næstu skref.

Lagt er til að mat af þessu tagi verði skráð og skoðað sem viðauki við formlega fundargerð en þurfi ekki að vera opinbert gagn líkt og fundargerðin sjálf. Mikið magn gagna gæti safnast með þessum hætti og mikilvægt er að verkefnisstjórar og kennarar rýni í gögnin og lesi úr þeim. Þannig dreifist ábyrgð úrvinnslunnar á fleiri og skuldbinding þátttakanda verður meiri. Sjálfsmatsnefnd ætlar að byggja næstu áfangakannanir að miklu leyti á þeim niðurstöðum sem koma frá bekkjarfundum og gæðahringjum. [...]

Uppgjör haustannar fór fram í janúar og febrúar og hafði leiðsagnargildi fyrir skipulag og framkvæmd á vorönn. Að uppgjörinu komu verkefnisstjórar, kennarar í Íslandsáfangi, rýnihópar nemenda og matsfulltrúi.

Niðurstöður áfangakönnunar sem lögð var fyrir nemendur Íslandsáfangans lágu fyrir í janúar 2011 og niðurstöður matsblaðs sem lagt var fyrir kennara Íslandsáfangans og annarra kennara í 1. bekk voru birtar í mars 2011. Samkvæmt upplýsingum frá matsfulltrúa var samræmi í svörum nemenda og kennara varðandi þróunarferlið. Verkefnisstjórum og kennurum Íslandsáfangans falið að greina gögnin enn frekar.

Á vorönn hélt innleiðing nýrrar námskrár áfram og fór ferlið í Íslandsáfanganum fram með svipuðum hætti. Losið sem nýbreytnin skapaði á haustönn var hverfandi og í kjölfar aukins skilnings á eðli nýbreytninnar jókst færni og öryggi þeirra sem að verkefninu komu. Aðkoma mín að verkefninu og stuðningur við matfulltrúa á vorönn var ekki jafn þéttur og á haustönn enda komin ágæt reynsla á matsferlið og það í öruggum höndum. [...]

Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða bæta til að ná þeim markmiðum sem sett eru með nýrri námskrá. Starfsfólk skóla ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem þar fer fram. Ásamt því að fylgjast gagnrýnum augum með framvindu mats í þróunarverkefninu stuðlaði matsfulltrúi að eflingu matsmenningar innan skólans með því að hvetja nemendur og starfsfólk til markvissrar ígrundunar með það að leiðarljósi að bæta skólastarfið.

Almennt má segja að samstarfið hafi verið farsælt og frá mínum bæjardyrum séð áhugavert og lærdómsríkt að fylgjast með metnaðarfullu þróunarstarfi í MA.“

Við þessi orð Sólvéigar er óþarfi að bæta en það hlýtur að koma sterklega til greina að halda áfram samstarfi við öflugan bakhjarl á borð við Miðstöð skólaþróunar um mat á nýrri námskrá í Menntaskólanum á Akureyri.

8. Umræða

Matsfulltrúi hefur að mestu stillt sig um að hafa skoðanir og draga ályktanir enda hlutverk hans að hvetja til þátttakendamíðaðs mat og safna og vinna úr gögnum. Sjálfsagt er þó að taka hér saman nokkrar helstu niðurstöður. Það er von matsfulltrúa að allir kennarar og starfsmenn sem tengjast námskránni lesi þessa skýrslu og dragi eigin ályktanir og taki þannig þátt í frjórri umræðu í faglegu námssamfélagi.

8.1 Hvað hefur tekist vel?

Vinnan við nýja námskrá, sérstaklega í Íslandsáfanganum, hefur gert það að verkum að faglegt samstarf kennara hefur stóraukist og oft tala menn uppljómaðir saman í frímínútum um fagið, einstök verkefni og framhaldið í stað þess að fást um þjóðmálin eða almennt dægurþras. Það hefur vakið athygli hvað þessir kennarar tala miklu meira saman á göngum og í frímínútum um fagið sitt og sameiginlega snertifleti.

Á köflum virðast kennarar í Íslandi geta nýtt séreinkenni sín og styrkleika þegar þeir skipta með sér verkum, sumir eru meiri stjórnendur, sumir meira fyrir að slá um sig í tímum og aðrir iðnir við að fara yfir verkefni. Hugmyndir um verkefni og útfærslur hafa komið mikilli faglegri umræðu af stað í hópnum og smitað út frá sér til annarra kennara.

Kannanir meðal kennara sýna að þeir eru ánægðir með samstarfið í Íslandsáfanganum, þeim finnst spennandi að brjótast út úr hefðbundnu formi og sjá mikla möguleika í samþættingu. Þeim finnst virkni og sjálfstæði nemenda hafa aukist og telja fjölbreytni í kennsluaðferðum og verkefnum gagnast vel. Þeir vonast til að skila af sér nemendum sem eru hæfari í hópvinnu, heimildaleit og flutningi verkefna en verið hefur. Kennarar segjast læra mikið af þessu, ekki síst kennslufræðilega og gaman sé að skapa eitthvað nýtt. Kennarar í öðrum fögum sjá líka tækifæri í því að stokka upp sína áfanga, víða var sú vinna hafin en innleiðing nýrrar námskrár er þeim hvatning.

Nemendur tóku afar virkan þátt í matinu og iðulega voru sömu þættir lofaðir. Þar má nefna hópinnuna, fjölbreytt verkefni, símat í stað prófa, frelsi og uppbrot, sjálfstæð og ígrunduð vinnubrögð, vettvangsferðir, kennarar fá góða dóma og sömuleiðis að lítið þurfi að kaupa af eiginlegum námsbókum. Nemendur virðast líka skynja að mark sé tekið á gagnrýnni þeirra, þannig að margir virðast upplifa sig sem þátttakendur í þróunarverkefni, ekki bara óvirka þiggjendur.

Velgengnisdagar fá yfirleitt góða dóma hjá kennurum og nemendum í 1. bekk og góður meirihluti nemenda telur þá gagnlega og flest umfjöllunarefni mjög áhugaverð.

Loks má nefna að námskrárvinnan hefur vakið talsverða athygli utan skólans og Íslandsáfanginn hefur víða verið kynntur. Í heild má því segja að þessi vinna hafi verið ákveðin lyftistöng fyrir hið faglega námssamfélag og sjálfsagt að vinna áfram með þá jákvæðu þætti sem hér

hafa verið teknir saman.

8.2 Hvað má betur fara?

Kennarar í Íslandsáfanganum vilja fá meiri tíma fyrir samráð og undirbúning til að bæta skipulag, koma endurgjöf í betra horf, þeir óska eftir betri aðstöðu til að halda fyrirlestra yfir stærri hópum, þeir vilja vinna enn skýrar eftir markmiðunum og gera nemendur meðvitaðri um þau, námsmat þarf að endurskoða og styrkja þekkingarmarkmið faganna, huga að því hvernig er hægt að virkja áhugalitla nemendur og þá sem eru farþegar í í hópverkefnum og þannig mætti áfram telja. Einnig finnst kennurum að skólasamfélagið í heild mætti vera jákvæðara og opnara fyrir nýjungum því niðurrif og sleggjúðómar komi niður á líðan kennara.

Kennarar í öðrum greinum í 1. bekk vilja sumir frekari áherslubreytingar í sínu fagi og nokkuð ber á tortryggni í garð Íslandsáfangans og velgengnisdaga. Nokkrir merkja þó meiri virkni og betri vinnubrögð en áður í 1. bekk. Einnig vilja sumir að bekkjarfundir verði markvissari, eins og kom fram í lok haustannar en líklegt er að úr hafi ræst á vorönn í einhverjum tilfellum. Nokkrir kennarar telja of hratt farið í námskrárbreytingar og ekki sé hlustað á raddir allra, sem komi niður á líðan kennara.

Þáttur bókasafnsins í samþættingunni virðist ekki hafa verið nægilega vel undirbúinn og ber nokkuð á gagnrýni á lítt stýrðum nemendahópum á haustönn en ástandið lagast síðan eitthvað þegar frá líður. Sama má segja um umgengni í stofum, stólaburð og annað sem ræstitæknar og húsverðir nefna. Þetta fór allt batnandi eftir að athugasemdum var komið á framfæri.

Nemendum er tíðrætt um misvísandi skilaboð, óskýr fyrirmæli, verkefnaálag, slakt skipulag og mismunandi kröfur kennara í Íslandsáfanganum en gagnrýnisröddum fækkar á vorönn. Nokkrir hafa áhyggjur af þekkingu í einstaka fögum og vilja læra meira í þeim (á hefðbundnari hátt). Áhugi nemenda virðist aðeins dala á vorönn og þeir segjast ekki nýta tíma sinn eins vel og áður og ekki sé eins gott næði til að vinna.

Almennt virðist sem talsverðrar þreytu hafi farið að gæta er leið á vorönn, sérstaklega hjá kennurum og nemendum Íslandsáfangans. Er það skiljanlegt í ljósi þess álags sem fylgir svo viðamiklu þróunarstarfi og nýbreytni. Þreytan kom t.d. fram í minni áhuga á því að taka þátt í mati enda má öllu ofgera.

Í heild eru neikvæðu þættirnir flestir af þeim toga að tiltölulega einfalt virðist að kippa þeim í liðinn. Leiðsagnarmatið og regluleg ígrundun kennara hefur leitt til talsverðra úrbóta jafnóðum og síðan þarf að skerpa á nokkrum þáttum og hvetja til upplýstrar umræðu.

9. Niðurlag

Nú þegar matsfulltrúi lætur af störfum í lok vorannar er annarra að dæma hvernig til tókst. Hefur þessi aðferðafræði að leggja áherslu á þátttakendamiðað mat og leiðsagnarmat fætt af sér gögn sem hafa nýst og munu nýtast til að styrkja það sem vel hefur gengið og bæta það sem miður hefur farið? Hvernig er best að standa að áframhaldandi mati?

Hér hefur verið farin sú leið að birta niðurstöður úr nánast öllum matsgögnum í þeirri von að með því að hafa slíkar upplýsingar aðgengilegar á einum stað muni kennarar frekar nýta sér gögnin en ef aðeins væri vísað í fylgiskjöl og rýnigögn sem hægt væri að draga fram í dagsljósið ef eftir því væri leitað. Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir hið faglega námssamfélag í Menntaskólanum á Akureyri að allir sem að því standa kynni sér mat á námskrárvinnunni því þetta skiptir hvern og einn máli, ekki aðeins þá sem eru í eldlínu breytinganna hverju sinni.

Ljóst er að áfram þarf að hyggja að mati á innleiðingu nýrrar námskrár, mat er órjúfanlegur hlekkur í breytingaferli. Leiðsagnarmat með svipuðu sniði gæti hentað fyrstu árin og leggja má til að áframhaldandi vinnu verði stýrt af sjálfsmatsnefnd. Efla mætti nefndina með því að fjölga nefndarmönnum en umfram allt verður að virkja kennara og nemendur áfram. Það eru kennararnir sjálfir sem eru helsti drifkraftur skólaþróunar og mætti vísa í fjölda rannsókna þar að lúandi. Án þátttöku þeirra, samvinnu, frumkvæðis og fagmennsku er hætt við því að breytingaferlið lognist út af. Kennarar geta bæði verið lykillinn og lásinn í námskrárbreytingum og framhaldið er því að stórum hluta undir þeim komið.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

- Coghlan, D. og Brannick, T. (2010). *Doing action research in your own organization* (3. útg.). London: SAGE.
- Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigbórsson. (2002). *Aukin gæði náms. Skóli sem lærir*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- McNiff, J., og Whitehead, J. (2006). *All you need to know about action research*. London: Sage.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólastarfi. Handbók um matsfræði*. Reykjavík: Hólar.
- Stoll, L. og Louis, K. S. (2007). Professional learning communities: Elaborating new approaches. Í L. Stoll og K. S. Louis (ritstjórar), *Professional learning communities. Divergence, depth and dilemmas* (bls. 1-13). Berkshire: Open University Press.

Óprentaðar heimildir og rannsóknargögn

- Áfangakannanir sjálfsmatsnefndar Menntaskólans á Akureyri í janúar og maí 2011.
- Árný Helga Reynisdóttir og Selma Hauksdóttir (2011). Framhaldsskóli á tímamótum. Kröfur breyttra tíma og skólaþróun í ljósi hefðanna. Háskóli Íslands.
- Fundargerðir NÁT og SAM á innri vef skólans.
- Glærur matsfulltrúa frá Þorrastefnu um líðan starfsmanna.
- Könnun meðal nemenda eftir velgengnisdaga.
- Matsblöð kennara í 1. bekk í desember 2010 og maí 2011.
- Niðurstöður úr gæðahringjum og rýnihópum nemenda skólaárið 2010-2011.
- Niðurstöður úr könnunum sem lagðar voru fyrir nemendur.
- Samantekt eftir heimsókn Ingvars Sigurgeirssonar.
- Sólveig Zophoníasdóttir (2011). Ráðgjöf vegna mats á þróunarverkefni í MA. Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.
- Tölvupóstar á póstlista Íslandsáfangans.
- Umsókn í Sprotasjóð vegna Íslandsáfangans.
- Viðtöl matsfulltrúa við allmarga starfsmenn skólans.